



FERÐALÖG NORÐUR

ÆVINTÝRIN GERAST Í TJALDINU

Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir kynntist hirðingjatjöldum á ferðum sínum um heiminn. Þegar hún og fjölskylda hennar fluttu til Íslands ákváðu þau að prófa að búa í tjaldi. Hún segir að fólk nái betri tengingu við náttúruna með því að sofa í tjaldi.

Sjáumst á fjöllum



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | www.fi.is



Svaf í bílnum í útilegu

Karen Björg Eyfjörð Þorsteinsdóttir átti yndislega barnæsku á Grenivík. Henni finnst nauðsynlegt að fara reglulega heim og hlaða batterið en hún ætlar að sjálf-sögðu að vera dugleg að fara til Grenivíkur í sumar.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Hvernig var að alast upp á Grenivík?
„Það var yndislegt og stóískt. Fámennt en góðmennt. Ég var í Grenivíkurskóla öll tíu árin og æfði fótbolta og frjálsar íþróttir.

Ég var í unglingsvinnunni og vann svo líka í Darra-harðfiski á sumrin. Fólk fór miklu sjaldnar í bæinn, til Akureyrar, þá en mamma fór um einu sinni í viku og þá fór ég oft með og helst fín til fara. Þannig að þetta var einangraðri heimur í denn.

Ég viðurkenni að mér fannst kannski ekki alveg nægilega kúl að segjast vera frá Grenivík þegar ég var unglingur en það breyttist með auknu sjálfsáliti. Ég ólst upp með stelpum sem ég er ennþá í góðu sambandi við í dag og þótt við séum fluttar burt þá hugsum við allar hlýtt til Grenivíkur.“

Hvað er það sem heillar helst við bæinn?

„Grenivík er fíranlega vel skipulögð og snyrtileg. Búðin í miðjunni og skólinn efst í brekkunni. Ég þekki landslagsarkitekta sem slefa yfir þessu skipulagi.“

Langar þig stundum að flytja úr borginni og flytja norður?

„Ég uni mér vel í Reykjavík – eftir að sonurinn komst inn á leikskóla. Ég hef ekki hugleitt að flytja en ég verð hins vegar að koma reglulega norður af því að þar hleð ég batterið best.“

Er eitthvað úr litlu samfélagi eins og Grenivík sem smitast út í handritaskrifin?

„Grenivíkingar búa yfir mjög þróuðum húmor og oft frekar svörtum sem hefur klárlega smitað mig. Ég er eins og stendur að



Dúklagt borð og sólsetur á Grenivík.



Þegar sonurinn var lítill var Karen Björg spennt fyrir því að fara með hann í útilegu.

vinna að glæpaserú sem á að gerast úti á landi og ég er sú eina í skrifteyminu sem er ekki frá Reykjavík. Því gegni ég mjög mikilvægu hlutverki við að uppræta landsbyggðarklisjur bæði í karaktervinnu og við skrif á söguþræðinum.“

Hvernig ferðalagatýpa ert þú?

„Ég pakka yfirleitt alltof litlu og er illa



Fjölskylda Karena Bjargar er vélsleðafjölskylda. Hér er hún á Kaldbak á góðum degi.

skipulögð. Þegar ég eignaðist son minn vildi ég ólm fara í tjaldútilegu sem endaði á því að við sváfum inni í bíl. Ég er núna í tókum á þátta-seríu sem heitir Útilega og gerist í útilegu og ég er alveg búin að fá minn skammt af svoleiðis fyrir árið.“

Hvert fórst þú í útilegu þegar þú varst yngri?

„Við fórum út um allt. Ég man sterkt eftir útilegu í Atlavík með mömmu og pabba en svo á amma mín ættaróðal í Kelduhverfi þar sem við gistum að minnsta kosti einu sinni á ári.“

Hvernig er draumadagurinn á Norðurlandi?

„Úúú, það væri bröns með stelpunum á Akureyri, Skógarböðin, kaffi hjá ömmu Kiddu á Grenivík og svo grilluð pítsa á pallinum hjá mömmu og pabba. Þau eiga hús við sjóinn og við höfum tvisvar borðað úti við dúklagt borð og sólsetur sem var algjörlega sturlað.“

Áttu uppáhaldsnáttúruperlu fyrir norðan og af hverju?

„Kaldbakur er það besta á veturna. Það er mikil sleðamennska í minni fjölskyldu og við erum dugleg að fara upp á Kaldbak bæði um vetur og páska. Það er svo fallegt að standa efst og sjá yfir allan Eyjafjörð og sólina glitra á snjónum. Svo enda í pottinum heima hjá mömmu og pabba.“

En uppáhaldssundlaug á Norðurlandi?


„Sundlaugin á Akureyri myndi ég segja að væri besta laug landsins. Hun er svo fjölbreytt og snyrtileg og klefarnir notalegir. En ég verð að nefna líka laugin á Grenivík sem er búin að eiga algjört „glowup“ með tveimur nýjum pottum og glerveggjum.

Ertu búin að skipuleggja sumarfríð þitt?

„Grenivík. Það er bara svoleiðis.“

Hvítserkur

Hvítserkur er klettur í sjó við vestanverðan botn Húnaafjarðar í Vestur-Húnavatnssýslu. Kletturinn er 15 metra há og hvítur af fugladriti en þaðan kemur nafnið líklega. Þjóðsagan segir hins vegar að Hvítserkur hafi verið tröll sem bjó norður á Ströndum sem vildi brjóta niður kirkjuklukkur Þingeyraklausturskirkju.



Skógarböðin

Skógarböðin eru eitt nýjasta baðlón landins. Enginn aðdáandi baðlóna og fallegs útsýnis má láta böðin fram hjá sér fara í sumar. Fullkomið er að verja kvöldstund í Skógarböðunum.



Sundlaugin á Hofsósi

Sundlaugin á Hofsósi er ein fallegasta sundlaug landsins. Þegar synt er frá suðri til norðurs rennur laugin saman við hafhlötinn neðan hennar með beina stefnu á Drangey.

Brot af því besta á Norðurlandi

Hið stórbrotna Norðurland ætti ekki að svíkja fólk í sumar enda má finna þar guðdómlega náttúru, ljúffengan mat og enn betri baðstaði.



Sælkerabúðin Vellir

Sælkerabúðin Vellir í Svarfaðardal er algjör perla en þar er að finna alls kyns gúmmelaði sem alvörusælkerar kunna að meta.



Sushi á Rub 23

Ekki borða bara pylsur í fríinu. Gerðu vel við þig og pantaðu borð á Rub 23 á Akureyri. Þar er hægt að fá eitt besta sushi á landinu.

Hvalaskoðun á Húsavík

Einn besti staðurinn til að fara í hvalaskoðun er út frá Húsavík. Það er ekki hægt að fá leið á því að skoða hvali og það jafnast ekkert á við að skoða þá í sínu náttúrulega umhverfi.



Bakaríð á Siglufirði

Matur þarf ekki alltaf að vera dýr til þess að vera góður. Eitt strangheiðarlegasta bakarí landsins er að finna á Siglufirði. Í bakaríinu má fá mjög góða hnúta og fíranlega góðar langlokur.



SCARPA

DAGAR 7.-17. JÚNÍ

20-50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SCARPA SKÓM

Tilboð á Scarpa Mojito
Skór fyrir þjóðhátíð og allt annað



SCARPA Mojito – götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito – götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito – götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**

margir litir



SCARPA Mojito – götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito Planet Suede– götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito Planet Suede– götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito Wrap – götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito Wrap – götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito Wrap GTX– götuskór
Verð 36.995 **tilboð 25.897**



SCARPA Mojito Wrap Bio– götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito Wrap Bio– götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**



SCARPA Mojito Wrap Bio– götuskór
Verð 26.995 **tilboð 18.897**

Bjuggu níu ár í tjaldi með fjölskylduna

Póra Sólveig Bergsteinsdóttir og eiginmaður hennar, **Erwin van der Werve**, bjóða ferðamönnum að gista í svokölluðu Yurt eða hirðingatjaldi frá Mongólíu á Leifsstöðum í Eyjafjarðarsveit en ferðapjónustuna reka þau undir nafninu Iceland Yurt. Póra Sólveig og Erwin bjuggu sjálf í slíku tjaldi í sveitinni um árabíl en þau smíðuðu eitt tjald í Hollandi.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Póra Sólveig ólst upp á Leifsstöðum en jörðin sem er á móti Kjarnaskógi austan megin í firðinum er í eigu föður hennar. Erwin er hins vegar hollenskur en honum kynntist Póra Sólveig í Listaháskóla Íslands þar sem þau námu myndlist.

„Við erum bæði listamenn, við lærðum myndlist en efnið mitt dró mig út í gjörningalist. Erwin er aðallega að gera málverk en er líka að taka upp vídeóverk,“ segir Póra Sólveig.

Smíðuðu eigið tjald

„Við fluttum til Hollands 2004 og vorum þar saman í fimm ár. Þar hittum við fólk sem bjó í tjaldi á hafnarsvæði í Amsterdam. Það vakti mikla hrifningu hjá okkur báðum, konan hafði nýlega fætt barn,“ segir Póra Sólveig um fyrstu kynni þeirra af Mongóljútjöldum.

Hugmyndin hélt áfram að malla innra með þeim þegar þau fóru til Kína árið 2006 í sýningarferð. „Við ferðuðumst um landamæri Tíbet í rútum – við sáum engin tjöld þar en hrifumst af menningunni,“ segir Póra Sólveig sem lýsir litríkri menningunni og svæðinu eins og blómum í eyðimörk.

Það var árið 2008 sem þau smíðuðu eigið tjald.

„Við bjuggum í Hollandi og ég segi við manninn minn: Eigum við ekki að smíða okkur tjald og hann segir bara jú jú. Þetta kom bara allt í einu til mín. Við fundum námskeið í Suður-Hollandi. Kennarinn sagðist vilja hitta okkur fyrst því þetta tæki langan tíma. Við bjuggum á staðnum þrjú daga í viku og smíðuðum tjaldið alveg fram á nætur. Það tók fjóra og hálfan mánuð í smíði. Við fengum sneiðar af trjám og gerðum allt frá grunni. Þetta eru veggir sem er hægt að leggja saman eins og harmónikku og allt handhnytt báðum megin á samskeytum. Þetta eru fimm veggir og endalausir hnútar. Það eru engar skrifur nema í hjörnum á hurðunum.“

Heima

Tjöldin eru kölluð Ger í Mongólíu sem þýðir heima og eiga tjöldin að endast heila mannsævi. Annars eru þau oft kölluð Yurt eða einfaldlega Mongóljútjöld. „Þetta eru hirðingar sem ferðast á milli staða sem ferðast með búfenað, þetta er mjög heillandi menning,“ segir Póra Sólveig en sjálf hafa þau hjónin ferðast með tjaldið í listrænum tilgangi og til þess að flytjast búferlum.

Póra Sólveig segir það taka tvo til fjóra klukkutíma að setja tjaldið upp en einn klukkutíma að taka það niður. Þau hafa sett það upp í Noregi þar sem þau bjuggu um skeið en líka sett það upp á stöðum eins og Landmannalaugum og Þórsmörk í listrænum tilgangi.

„Við fluttum til Íslands frá Noregi árið 2014 og þá er ég örðin öryrki og búin að eignast tvö börn. Við vorum þá með heimilið með okkur,“



Póra Sólveig Bergsteinsdóttir og eiginmaður hennar, Erwin van der Werve, ásamt börnunum tveimur.

segir Póra Sólveig og á þá við tjaldið sem þau byggðu í Hollandi. Hún lenti í gati í kerfinu, þar sem hún var sjúkkráð og óvinnufær að flytja milli landa, og fékk ekki bætur eða tekjur í þrjú ár eftir að þau fluttu. „Við vorum ekki búin að sjá fyrir okkur að búa með börn í tjaldi en það gekk mjög vel. Við vorum samtals í níu ár í tjaldi – sjö ár í tjaldinu sem við smíðuðum og tvö ár í tjaldi sem við pöntuðum frá Hollandi,“ segir Póra Sólveig en fyrsta tjaldið þeirra var 30 fermetrar.

Hvað fannst fólki í kringum ykkur um að þið ætluðuð að búa í tjaldi?

„Það var misjafnt hvað fólki fannst um það. Allavega leið okkur rosalega vel í tjaldinu. Mörgum fannst það rosalega flott og skemmtilegt. Svo voru aðrir sem héldu að þetta væri eitthvert neyðarúrræði en það er bara misskilningur. Við þurfum ekki að búa í villu.“


Hvernig er þetta á veturna?

„Það er bara mjög fínt. Við erum með hita í gólfinu og gengur rosalega vel,“ segir Póra Sólveig en tjaldið er einangrað með ull.

Póra Sólveig og Erwin fluttu nýverið í bjálkahús til þess að gefa börnunum sínum sem eru að komast á unglingsaldur meira rými. „Ég lifði eftir því að eins lengi og krakkarnir yrðu ánægð í tjaldinu þá myndi ég búa í tjaldi. Þau voru alveg enn þá ánægð en maður finnur að



Póra mælir með því að fólk fari út í náttúruna og finni friðinn sem býr innra með því.



Póra segir að tjöldin séu umvefjandi og fólk nái betri tengslum við náttúruna.



Póra Sólveig býður upp á slökun og tónheilun í handútskornu Yurt-tjaldi í Gaia God/dess Temple Gaia-hofinu sínu.



Póra Sólveig með helgiathöfn á hálendinu.

það er gott fyrir þau að fá sitt rými,“ segir Póra Sólveig.

Slökun í náttúrugistingu

Í dag eru tjöldin tvö sem Póra Sólveig og Erwin útbjuggu í gistitjöld fyrir ferðamenn og hafa þau hjón bætt tveimur til viðbótar við. „Við settum upp fjórða tjaldið í fyrra, það er náttúruleg þensla, lífið gerðist. Þetta var ekki einhver viðskiptahugmynd. Okkur langaði að leyfa fólki að upplifa hvernig er að vera í tjaldi.“

Hvernig er upplifun fólks?

„Hún er æðisleg, það er í náinni tengingu við náttúruna. Það er friður og ró, en það er alltaf einhver sem fattar ekki að hann er að fara í náttúrugistingu.“

Hvernig fólk kemur?

„Það er mikið af Ameríkönnum og Þjóðverjum og bara af öllum þjóðernum, líka Íslendingum.

Sumir sækja í þetta, við viljum fá fólk sem vill gista hjá okkur en ekki af því að það er ódýrt að vera mörg saman í tjaldi. Okkar hugsjón er að fólk njóti þess að vera í náttúrunni og nái að slaka djúpt á. Það eru margir sem ná góðri slökun og finnst þetta yndislegt og finnst þetta vera upplifun lífsins að gista í tjöldunum.“

Póra Sólveig segir margt eiga þátt í því að fólk nái góðri slökun hjá þeim, Mongóljútjöldin eru til dæmis hringlaga sem hún segir umvefjandi. Það skemmir svo ekki fyrir að heyrna í vindinum, fuglasöngnum eða snarkið í eldinum. Hún mælir sömuleiðis með að leggja frá sér símann og njóta félagskaparins. Póra Sólveig býður einnig upp á slökun og tónheilun í handútskornu Yurt-tjaldi í Gaia God/dess Temple Gaia-hofinu sínu.

Hver staður yndislegur

Áttu upphaldsstaði fyrir norðan?

„Hvar sem er í náttúrunni. Að draga djúpt andann, setjast niður, staldra við, njóta og taka eftir því sem er að gerast í umhverfinu. Hvernig formin eru og hvernig þau hreyfast í vindinum og hlusta á dýrin. Taka eftir smáatriðunum. Ég elska líka að ferðast um landið og kynnast því á dýpri hátt. Ég er sjálf með serimoníur úti í náttúrunni og heðra náttúruna og fer á þá staði sem kalla á mig.“

Mér finnst yndislegt að vera á Hjalteyri hjá Lene Zachariessen. Ég var með gjörning og sýningu þar árið 2016. Mér þykir mjög vænt um Hjalteyri og fer í sjóinn og heita pottinn sem er þar og skoða skinnin og handverkið. Svo er Verksmiðjan með áhugaverðar nútímasýningar. Ég mæli með Dyngjunni-listhúsi með eigin litum og framleiðslu á vefnaði, hunangi og öðru.

Fyrir ferðamenn myndi ég mæla með að fara á Goðafoss en það er náttúrulega troðið á sumrin þegar það eru rútur og skemmtiferðaskip. Goðafoss er líka mjög magnaður foss. Hann eru orkumikill og falllegur og það eru orkuverur í landslaginu,“ segir Póra Sólveig.



ALLT FYRIR ÚTILEGUNA!



SPRUCE FALLS 4
99.995.-



MEADOWOOD 4L
139.995.-



COLEMAN MEADOWOOD 4
125.995.-



COLEMAN MEADOWOOD
4 AIR
189.995.-



MACKENZIE 4
149.995.-



MACKENZIE 6
169.995.-



COLEMAN WEATHERMASTER
4XL AIR
199.995.-



COLEMAN WEATHERMASTER
6XL AIR
269.995.-



BARDANI BARNASTÓLL
7.495.-



BARDANI VERMILLION
ERGO 3D COMFORT
24.995.-



BARDANI SÓFI
19.995.-



SAFARICA NIMBA
9.995.-



BARDANI LAZISE BÓRÐ
27.995.-



COLEMAN MAXI COMFORT
15.995.-



COLEMAN SUPERCOMFORT
SJÁLFUPPBLÁSANLEG DÝNA
49.995.-



HIGH PEAK REDWOOD 3
SVEFNPOKI
18.995.-



CECOTEC READY WARM
6150 RAFMAGNSHITARI
11.495.-



HYCKES HYCOOLER LIFE 30
KÆLIBOX M/KÆLIPRESSU
74.995.-

ELLINGSEN


Fiskislóð 1, Reykjavík / Hvannavellir 14, Akureyri / 580-8500 / Síðan 1916 / www.ellingsen.is



Heimskautsgerðið á Raufarhöfn er engu líkt.



Hægt er að koma við á Hvammstanga og kíkja á selina.



Það er tilvalið að skella sér á sjó fyrir norðan, hvort sem það er á sjóstöng eða til að skoða hvali.

Lífið fyrir norðan er æðislegt

Halldór Óli Kjartansson, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Norðurlands, segir óþrjótandi möguleika í boði þegar kemur að góðri ferð um Norðurland. Að blanda saman sögu og náttúru er oft lykillinn að góðu ferðalagi.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Halldór hefur búið á Akureyri í tæp 20 ár. Hann flutti norður í skóla og hefur ekki flutt aftur enda kann hann einstaklega vel við sig fyrir norðan. „Fljótlega eftir að minni formlegu skólagöngu lauk fór ég að starfa í skemmtanabransanum og leiddist svo út í ferðaþjónustu sem er líka skemmtileg. Ég er búinn að starfa hér hjá markaðsstofu Norðurlands síðan 2012. Að hitta fólk og ferðast um landið er lykillinn að minni hamingju,“ segir Halldór.

Saknar þú ekkert Reykjavíkur?

„Reykjavík er fin en ég á heima hérna og finnst það æðislegt. Það er líka alltaf svo gott veður hérna. Svo er líka veðrið yfir vetrartímann frábært. Það sem gerir okkur einstök er að það er snjór á veturna sem dæmi. Það sem líka heldur í mann er öll sú afþreying sem er hægt að stunda yfir veturinn en hún er ómetanleg, hvort sem það er að fara á skíði í öllu sínum formum eða annað,“ segir Halldór. Hann telur upp hinar ýmsu skíðategundir og minnst einnig á sleðaferðir, snjóþrúgugöngur eða sleðahundaferðir sem hann segir einstaka upplifun.

Selir og Vatnsdalshólar

Halldór mælir með ferð fyrir meðalfjölskyldu þar sem hann blandar saman bæði útveru og menningu.

„Mér finnst mikilvægt að velja ekki bara einn áfangastað. Það eru frábær gistiheimili út um allt og mér finnst frábært að finna sveitagistingu þar sem ég kemst með börnin mín út í náttúruna og get upplifað einhverskonar menningu. Ef ég væri að fara norður myndi ég byrja á að stoppa á Hvammstanga, ég myndi byrja á að leita að selum – mér finnst það alltaf skemmtilegt. Fara fyrir Vatnsnes, það er frábært og þú þarft ekki að keyra lengi ef þú býrð í Reykjavík. Ég myndi taka fyrsta daginn þar og ef þú vilt aðeins meiri lúxus þá er gaman að gista á Laugarbakka. Það er eitt sverð sem stendur upp úr jörðinni á Laugarbakka og er gaman að sýna börnunum en það tengist víkingum og Grettissögu,“ segir Halldór.

„Það sem er í uppáhaldi hjá mér núna er að kíkja á Þrístapa í Vatnsdal en inni í Vatnsdal eru svo margir hólar að þú getur ekki talið þá. Það er búið að setja stiga upp á einn hól. Þar sérdú yfir alla hólana. Það er einföld skemmtileg afþreying sem gefur þér nýja sýn á umhverfið. Hinum megin við veginn getur þú



Það tekur örstutta stund að skreppa til Hríseyjar.

Dettifoss er stórkostlegur foss.



Halldór mælir með:

Norðurstrandarleið – hringur með minna sóttum svæðum. Dvelja á fleiri en einum stað. Blönduósi eftir að þjóðvegurinn var færður.

aftökur í heiminum,“ segir Halldór en Hannah Kent skrifaði bókina Náðarstund við miklar vinsældir út frá sögunni um síðustu aftökuna.

„Svo er líka rosalega gaman að kíkja inn í Skagafjörð og til dæmis fara í Kaupfélagið og kaupa sér það sem mann vantar. Það er allt til þar, það er alltaf mjög skemmtilegt. Ef fólk vill fara í smá ævintýri er gaman að skella sér út í Drangey.“

Baðferðir mikilvægar á ferðalögum

Baðlónum hefur fjölgað mikið og eru þau í miklu uppáhaldi hjá Halldóri og fjölskyldu.

„Böðin eru alltaf að verða sterkari og sterkari. Ég fór alltaf í sund sem krakki en eftir að börnin mín urðu aðeins eldri höfum

við reynt að prófa öll böð á landinu saman, hvort sem það heitir Bláa lónið eða Skógarböð. Ég mæli með því að leyfa börnunum að prófa þau. Þetta kostar vissulega eitthvað aðeins en þetta er ekki dýr afþreying miðað við margt sem er hægt að kaupa. Þetta er alltaf eitthvað sem passar svo vel inn í ferðalagið og er alltaf opið lengi. Að enda daginn í góðu baði. Börnin mín merkja það að þegar við förum til Húsavíkur þá er svo gaman að finna saltbragðið af vatninu. Svo fara þau í Jarðböðin á Mývatni og þá er gaman að stinga höfðinu ofan í og láta sig hverfa. Svo búum við á Akureyri þannig að það er ofsalega gaman að fara í Skógarböðin og sérstaklega í júní þegar við erum með miðnætursólina. Fólk fær kannski nýja sýn á Akureyri.“

Eitthvað fyrir alla

Halldór segir ágætt að gefa sér um tvo daga til að koma sér norður á Akureyri sé miðað við að höfuðborgarsvæðið sé byrjunarreiturinn. Það er síðan fjölmargt hægt að gera þegar á Akureyri er komið og gera út frá höfuðstað norðursins. Hann mælir með Jóláhúsinu og Hælinu sem er setur um sögu berklanna. Hann mælir með sundi í Hrafnagili og fyrir hjólareiðafólk mælir hann með því að hjóla Eyjafjarðarhringinn. Fyrir fjallahjóla fólk er hægt að hjóla í Hlíðarfjalli og Kjarnaskógi og nýta lyfturnar í fjallinu.

„Það hafa ekki öll farið á sjó og við erum þekkt fyrir það á okkar svæði bæði í Eyjafirði og á Skjálfanda. Það eru fjölmörg fyrirtæki sem bjóða upp á ferðir bæði í hvalaskoðun og sjóstöng og fyrir þá sem vilja heimskæja eyju þá eru samgöngur til Hríseyjar frábærar.

Gaman er að stoppa á Laugarbakka á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar.



Ljósmyndir/Markaðsstofa Norðurlands

Jóláhúsið er alltaf skemmtilegt, líka á sumrin.



Þar er gott að borða og gott að fara í sund og sjósund.

Eitt sem Halldór gerir þegar hann fer í ferðalag er að skoða hvaða hátíðir eru í gangi. Hann segir flestar bæjarhátíðir fjölskyldumiðaðar og því getur verið sniðugt að nýta slík tækifæri til að upplifa eitthvað meira.

Að fara beina leið er ekki alltaf rétta leiðin. „Til dæmis ef þú ert að keyra hringinn þá mæli ég með því að keyra eftir strandlengjunni, það er líka gaman að gera það fyrir vestan, í staðinn fyrir að taka þjóðveg 1. Þá er maður með útsýnið og með aðra sýn á landið. Þegar þú ferð austur fyrir sléttu og heimskautsgerðið á Raufarhöfn. Það er stopp sem mörg tengja við. Þetta minnir eitthvað á Star Wars.“

Ásbyrgi og Mývatnssveit

Það er mikið um stórfenglega staði á Norðurlandi eins og Dettifoss en Halldór segir vinum sínum að það sé ógleymanlegt að berja Dettifoss augum.

„Þetta er upplifun sem þú gleymir ekki, þetta er aflmesti foss í Evrópu. Þú ert smástund að ganga að honum. Margir fossar eru aðgengilegir, sem er gott, en þú sérð Dettifoss ekki strax. Það er búið að byggja nokkra palla á mismunandi hæðum svo þú kemst nálægt fossinum og krökkum finnst gaman að heyrja drunurnar og fara nálægt í öruggu umhverfi og verða blaut og finna fyrir náttúruöflunum.

Þá getur þú farið í Ásbyrgi og þá er gaman að labba inn í botn og heyrja bergmálið. Svo er Mývatnssveitin frábær eins og kannski flest þekktja. Ef maður vill gera vel við sig eins og til dæmis að fara í fjórhjólaferð þá eru til rosalega skemmtilega ferðir. Þetta eru ekki þessar ævintýraferðir, þetta eru ferðir til þess að komast á staði sem þú vissir ekki af. Þær eru með leiðsögn heimafélks. Þetta er ekki jaðarsport heldur ferðir sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í,“ segir Halldór.

AFMÆLI

20

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

29. JÚNÍ

höldum við upp á
20 ára afmæli
Jarðbaðanna með
fjölbreyttum hætti

✦
*Verið velkomin
og fagnið með okkur*



Morgunblaðið/Hafþór Hreiðarsson




Fullkominn dagur inniheldur sundferð eða ferð í sjóböðin.

Morgunblaðið/Hafþór Hreiðarsson

„Mér þykir ofsalega vænt um Húsavík og Norðurlandið“

Birgitta Haukdal tónlistarkona og rithöfundur er alin upp á Húsavík. Hún fer reglulega norður en í sumar ætlar hún ekki að missa af bæjarhátíðinni Mærudögum.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is



Morgunblaðið/Arnþór Birkiósson

Birgitta ætlar ekki að missa af Mærudögum en þá er bærin vel skreyttur.



MÆRUGERÐI

Ljósmynd/Hafþór Hreiðarsson

Hvernig var að alast upp á Húsavík?
 „Ég á mikið af falletum minningum frá Húsavík og nágrenni. Húsavík er yndislegur staður til að alast upp á. Mikið frelsi fyrir börn, gott fprótta- og tónlistarstarf og stutt í náttúruna sem mér þótti dásamlegt sem barni.“

Ertu dugleg að kíkja norður og hvað gerir þú þá?

„Við kíkjum mikið norður fjölskyldan. Maðurinn minn er mikið í veiði og fer norður á rjúpu, gæs og í laxveiði. Þá fylgjum við fjölskyldan oft með og tökum helgarferðir í snjóinn. Við förum líka oft á skíði á Akureyri og þá gistum við á Húsavík þar sem það er orðið svo þægilegt að keyra á milli eftir að göngin komu. Annars finnst okkur geggjað að fara til Húsavíkur á sumrin og er bæjarhátíðin Mærudagar í sérstöku uppáhaldi.“

Hvar er nauðsynlegt að stoppa á leiðinni norður og hvað hlustar þú á í bílnum?

„Það er mjög misjafnt á hvað er hlustað í bílnum á leiðinni. Stundum skiptumst við á að velja lög eða plötur til að hlusta á og stundum erum við ekkert að hlusta á heldur bara að njóta þess að keyra saman og spjalla um umhverfið, lífið og tilveruna. Við stoppum oft í Geirabakarí í Borgarnesi og náum okkur í góðan kaffibolla og nýbakaða ástarpunga og svo er vinsælt að taka pissustopp og kannski kjótsúpu í Staðarskála.“

Hvernig horfir þú á heimahagana sem fullorðin manneskja?
 „Mér þykir ofsalega vænt um Húsavík og Norðurlandið og finnst ég alltaf komin heim þegar ég renni fram hjá sláturhúsinu og inn í bæinn.“

Áttu uppáhaldsnáttúruperlu á Norðurlandi?

„Ég hef tengst sérstökum böndum við Hljóðakletta frá því ég var barn. Þangað förum við fjölskyldan mikið í útilegur um helgar og gengum mikið þar um. Það er einhver sérstök orka í Hljóðaklettum. Orkan í þessari stóru og hættulegu á sem dansar í kringum klettana er mögnuð og gangan í birkinu meðfram klettunum stórkostleg. Svo er mikilvægt að setjast með nesti í laut og anda að sér ferska loftinu. Ég fer þangað reglulega í dag.“

Hvernig er fullkominn dagur á Húsavík?

„Að vakna á undan öllum og fá sér góðan kaffibolla og horfa út á Kinnarfjöllin. Kíkja svo niður í bakarí og grípa með sér nýbakað brauð og jafnvel kleinuhring eða karamelluköku og vekja svo fjölskylduna með ilmi af góðum morgunmat. Þar næst klæðum við okkur eftir veðri og göngum göngustíginn sem er meðfram Húsavíkurfjalli með útsýni yfir bæinn á milli fallettra grenitrjáa sem þekja fjallshlíðina. Eftir gönguna graejum við sunddót og förum annaðhvort í sundlaugina, sem er ofsalega vel heppnuð og skemmtileg fyrir börn, eða tökum slökun í sjóböðunum, sem er alveg dásamlegt, hvort sem farið er að degi til eða að kvöldi rétt fyrir svefn. Eftir sundferð er farið upp í hús og vöflur og heitt kakó graejað og jafnvel góðum vinum boðið í kaffi. Um kvöldmatarleytið er gaman að labba niður í bæ og grípa sér bita við höfnina á Gamla bauk, Sölkú eða fá sér góðan fisk á Naustinu. Ef veður er sérstaklega gott þá er vinsælt að kveikja eld bak við hús og grilla sykurpúða fyrir háttinn.“

Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt í sumar?

„Í sumar er stefnan tekin á hjólaferð til Króatíu og svo ætli um við fjölskyldan að ferðast um landið, veiða og vonandi fara í útilegu eða tvær. Kíkjum auðvitað til Húsavíkur um Mærudagana og hittum vini og fjölskyldu.“

Birgitta heldur mikið upp á Hljóðakletta.

Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Bærin skartar sínu fegursta í sumarblíðunni.



FLATEY Á SKJÁLFAFLÓA

PARADÍSIN OKKAR – SAGAN OG RÆTURNAR



EINN GLÆSILEGASTI VEISLUSALUR LANDSINS – SMÍÐJAN Í FLATEY – Grænt og umhverfisvænt

Upplifðu paradís Skjálfaflóa í allri sinni dýrð með einstaka náttúru og stórbrotnu fuglalífi. Gentle Giants býður uppá allskonar sérferðir frá Húsavík til Flateyjar. Tilvalið fyrir einstaklinga og hópa við öll tilefni, einfalt eða lúxus með öllu. Fyrirtækið er með sterkar rætur í Flatey og hefur uppá að bjóða glænýja og umhverfisvæna byggingu með stórum veislusal ásamt grillaðstöðu.

SÉRNIÐNAR FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Gentle Giants er fjölskyldufyrirtæki á Húsavík með 160 ára fjölskyldusögu við Skjálfaflóa og hefur mikla reynslu í að skipuleggja eftirminnilegar Flateyjarferðir.

- | | |
|------------------------------------|------------------------|
| Brúðkaup | Grill |
| Gæsa- og steggjaferðir | SÖGUFERÐIR |
| FYRIRTÆKJAFERÐIR | VÍSINDAFERÐIR |
| STARFSMANNAFERÐIR | AFMÆLISVEISLUR |
| UÓSMYND- OG KYIKMYNDAFERÐIR | Ættarmót |
| Saumaklúbbar | Og margt fleira |



160 ÁRA FJÖLSKYLDUSAGA VIÐ FLÓANN

www.gentlegiants.is • info@gentlegiants.is • Sími 464 1500
FÉLAGI Í ICEWHALE – HVALASKOÐUNARSAMTÖK ÍSLANDS



Frá Úganda til Húsavíkur

Óhætt er að segja að hjónin **Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir** og **Egill Bjarnason** séu ævin-
týragjörn en þau hafa ferðast víða og búið meðal annars í Afríkúríkinu Úganda. Nýverið réðust þau í nýtt verkefni þegar þau festu kaup á nokkuð afskekktu hóteli á Norðurlandi.

Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir / hanna@mbl.is

Sigrún er mannfræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði sem menningar- og fjölmenningsfulltrúi Norðurþings áður en hún tók við hótelinu Skúlagarði. Egill hefur verið lausamaður í blaðamennsku frá því að hann lauk meistaranámi frá Kaliforníu-háskóla í Santa Cruz en hann hefur um árabil skrifað fréttir um Ísland fyrir heimspressuna, einkum AP-fréttaveituna og New York Times. Leiðir þeirra lágu saman á Norðurlandi fyrir nokkrum árum og börnum síðan. „Við kynntumst um borð í bát á Skjálfandaflóa fyrir ellefu árum en þá vorum við bæði að vinna sem leiðsögumenn í hvalaskoðun.“ Egill bætir við að þá hafi verið sjómanna-dansleikur fram undan á Húsavík. „Sigrún var á heimavelli, bæði á Húsavík og dansgólfinu, en ég með lúna fætur eftir að hafa komið hjólandi frá Selfossi alla leið norður.“

Eftir sumarið sem þau felldu hugi saman lágu leiðir þeirra hingað og þangað um heiminn. „Við bjuggum um hríð í Úganda og stuttu eftir að við fluttum aftur heim kom elsta barnið af þremur í heiminn. Hann heitir

Fyrir ári keyptu hjónin hótelið Skúlagarð.



Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir og Egill Bjarnason féllu hvort fyrir öðru og hafa búið sér og börnunum óvenjulega tilveru.

Valur og er nýorðinn sex ára gamall. Við þetta foreldrahlutverk fannst okkur tilvalið að breyta til og láta verða af því að flytja norður á Húsavík, að minnsta kosti til reynslu. Svo fór að við keyptum okkar fyrstu fasteign í miðbæ Húsavíkur, sem Þingeyingar telja mikla miðju á heimskortinu, og allir sem þekkja leikreglurnar í Monopoly vita hvað kemur á eftir húskaupum,“ segja þau kímín.

Draumur þeirra er að geta haft hótelið opið allan ársins hring.



Eina hótelið á 120 kílómetra kafla

En hvers vegna skyldu þau hafa ráðist í að festa kaup á hóteli langt uppi í sveit? „Sveita-hótelið Skúlagarður er í Kelduhverfi, stutt frá Ásbyrgi. Það er eina hótelið milli Húsavíkur og Raufarhafnar, á ríflega 120 kílómetra kafla um Norðausturland, þó að vissulega sé aðra gistingu að finna á svæðinu. Við höfum alltaf haldið mikið upp á Jökulsárgljúfur og þessa fallegu sveit allt í kring, án þess þó að ímynda okkur að við myndum einn daginn horfa yfir landið sem hótelhaldarar. En sumar beygjur geta verið afdrifaríkar!“

Hótelið hafði verið til sölu um nokkurt skeið þegar þau fóru að skoða það. „Þegar við renndum í hlað í fyrsta sinn, fyrir ári, hafði staðurinn verið til sölu nokkuð lengi og sjálfsagt fyrir því ýmsar ástæður: Íbúafjöldi í Kelduhverfi er innan við eitt hundrað og hótelið talsvert stór biti fyrir einyrkja en um leið heldur lítil eining fyrir fyrirtæki í leit að fjárfestingu,“ segja þau svo og bæta við að hótelið sé 1.100 fermetrar að stærð

► SJÁ SÍÐU 12



Upplifðu Norðurland

Norðurstrandarleið snýr baki við troðnum slóðum og beinir ferðamanninum inn á hið fáfarna og afskekktu – að kanna norðurströnd Íslands í næsta nágrenni við heimskautsbauginn. Norðurstrandarleið er 900km og fer um alla strandlengjuna, frá Hvammstanga í vestri til Bakkafjarðar í austri.


Hér gefast ótal tækifæri til að komast út fyrir rammann og finna frelsið. Norðurstrandarleið snýst ekki einvörðungu um akstur; hún býður ferðamanninum velkominn með sögum og upplifunum í hverri beygju og á hverri hæð þar sem gesturinn getur gleymt sér í óspilltu náttúrulegu umhverfi. Hér er hægt að njóta slökunar, varpa frá sér áhyggjum hversdagslífsins og eignast ógleymanlegar og einstakar minningar.



HEIMSKAUTSBAUGUR



UPPLIFÐU
NORÐURLAND
NORDURLAND.IS



Opið
12:00 - 00:00
alla daga
í sumar


geosea
GEOTHERMAL SEA BATHS

**Hlökkum til að
taka á móti ykkur!**

www.geosea.is | geosea@geosea.is | [@geoseaiceland](https://www.instagram.com/geoseaiceland) | Vitaslóð 1, 640 Húsavík | 464 1210

með sautján herbergjum, öll með baðherbergi, ásamt veitingastað og félagsheimili. „Lengi vel taldist Skúlagarður talsvert utan alfaraleiðar en árið 2020 lauk loksins framkvæmdum við svokallaðan Dettifossveg sem tengir Jökulsárgljúfur við þjóðveginn. Þessi vegur breytir öllu fyrir okkar rekstur því með honum tilheyrum við í raun ferðalagi um Húsavík og Mývatn; stór hluti ferðamanna á Norðurlandi ekur hinn vinsæla Demantskring og þá skiptir í raun ekki öllu máli hvar maður gistir á þeirri leið.“

Langaði í sterkari tengingu við sitt samfélag

Egill segist hafa verið spenntur fyrir að finna sér eitthvað svæðistengt að gera eftir mörg ár í fjarvinnu. „Störf án staðsetningar eru frábært fyrirbæri, risastórt stökk í byggðamálum, en með tímanum vill maður, held ég, sterkari tengingu við sitt samfélag. Þegar við keyptum hótelið bjó í raun frekar lítil hugsun að baki, önnur en sú að þetta gæti verið skemmtilegt verkefni sem ætti vel við okkur. Svona fjölskyldufirma, sem síðan styrktist enn frekar þegar foreldrar Sigrúnar, Aðalgeir Bjarnason og Jónína Hermannsdóttir, ákváðu að taka þátt í þessu með okkur.“

Egill og Sigrún hafa einungis rekið hótelið í rúmt eitt ár en þau tóku við lykluðum vorið 2023. „Þetta fyrsta sumar lukkaðist merkilega vel þrátt fyrir að við hefðum lítið gert annað en að taka úr lás og kveikja ljósín, því má auðvitað mest þakka frábæru starfsfólki. Það hefur komið okkur skemmtilega á óvart hversu margir vilja vinna á afskekktu sveitahótel.“

Vildu halda nafninu – Skúlagarður

Þau vildu ekki breyta nafninu á hótelinu þar sem húsið á að baki langa sögu sem heimamenn þekkja vel og hafa taugar til.



Egill og Sigrún Björg kunna að meta íslenskar náttúruperlur.



Ísland hefur upp á margt áhugavert að bjóða.

„Þegar við tókum við Skúlagarði voru margir sem spurðu hvort til stæði að skipta um nafn, í takt við ríkjandi strauma í nafngift veitinga- og gisti- staða. Við hugleiddum slíkt en vorum fljót að átta okkur á hversu rómað og þýðingarmikið nafnið er í hugum Norðlendinga og allra sem til þekkja. Heimamenn reistu Skúlagarð árið 1959 sem félagsheimili og heimavistar- skóla, að hluta til í krafti sjálfböðavinnu og framlaga frá félagasamtökum. Nafnið vísar til hins nafnkunna Keldhverfings Skúla fógeta sem eitt sinn drakk úr Litluá og því vel við hæfi að Þingeyingafélagið í Reykjavík hafi fært staðnum merkustu gjöfina við vígslu

staðarins: Örn á súlu eftir Guðmund frá Miðdal. Örninn er í fullri stærð og gnæfir enn yfir lóðina.“

Gönguleiðin meðfram Jökulsárgljúfrum ein sú skemmtilegasta á landinu


Ýmsar áskoranir og vinna fylgir því að kaupa og reka hótél segja Egill og Sigrún. „Okkar fyrsti vetur fór í að mála og endurnýja húsgögn. Herbergin eru í dag talsvert frábrugðin fyrra horfi en verkefnalistinn samt áfram langur. Okkar stærsta áskorun er að lengja tímabilið sem hótelið er opið og fá fólk til að stoppa lengur en í eina nótt. Svæðið hefur upp á margt að bjóða, margar frá-

► SJÁ SÍÐU 14

Almenningssamgöngur á Norðurlandi



Nánar hér:



stræto.is

BESTI STAÐURINN!



Upplýsingamiðstöð | Afþreying | Viðburðir | Gönguleiðir | Matur | Gisting

www.halloakureyri.is



Akureyrarbær



Hjónin hafa varið drjúgum tíma í að mála og gera fínt á hótelinu. Í hinum fullkomna heimi gætu þau haft hótelið opið allan ársins hring en þau eru ekki komin þangað ennþá.

bærar dagleiðir en langflestir láta sér nægja að skoða Dettifoss,“ segja þau og Egill bætir við: „Ég hef skrifað tvær ferðahandbækur um Ísland fyrir Lonely Planet og fullyrði að gönguleiðin meðfram Jökulsár-gljúfrum sé ein sú skemmtilegasta á landinu utan hálendisins, mátulega erfið og aðgengileg, samtals 33 kílómetrar frá Dettifossi í Ásbyrgi. En maður mætir mjög fáum á göngustígum og hér á hótelinu eru það fyrst og fremst íslenskir ferðamenn sem gefa sér tíma í slíka göngu.“

Af öðrum uppáhaldsstöðum á Norðurlandi nefna þau Ásbyrgi og Langanes. „Að ferðast milli þessara tveggja staða um Melrakkasléttu er ávisun á góðan bíltúr. Landslagið skiptist í andstæður og það ríkir einstök kyrrð sem magnar upp fuglalíf. Yfir sumartímann

er hægt að sjá súluvarp við Rauðanúp og Skoruvík og ganga út á nyrsta odda Íslands á Rifstanga.“

Veitingar með hráefni úr héraði

Í Skúlagarði er boðið upp á meira en bara gistingu. „Þetta sumar ætlum við að hafa veitingastað opinn í júlí og ágúst, þar verðum við með áherslu á hráefni úr héraði svo sem lambakjöt og lax úr landeldi við Kópasker. Veitingareksturinn er kannski skemmtilegasti hlutinn af þessu ævintýri en líka sá erfðasti.“ segja þau og bæta við að auðvitað séu þau líka með góðan morgunmat fyrir gesti hótelsins.

Eins og staðan er núna þá er hótelið ekki opið allt árið en draumurinn hjá þeim er að breyta því. „Helst af öllu myndum við auðvitað vilja reka heilsárshótel en þar er á

brattann að sækja meðan Dettifossvegur fær enga vetrarþjónustu. Þess í stað ætlum við að einbeita okkur að innlendum hópum yfir veturinn. Vinahópar, fjölskyldur og fyrirtæki geta þannig leigt allt hótelið líkt og risastóran sumarbústað. Húsnæðið er mjög heppilegt að stærð til að ná utan um 15 til 30 manna hópa, hvorki of stórt né of lítið og allir með næði inni á sínu herbergi.“

Börnin fara í Öxarfjarðarskóla á Lundi

Í haust ætla þau að flytja í gamla skólastjórabústaðinn með börnin þrjú; Val, Frey og Unu. „Þessa dagana erum við að einbeita okkur að íbúðarhúsinu, gamla skólastjórabústaðnum, til þess að geta flutt þangað inn í lok sumars. Þannig getum við tvinnað þetta verkefni betur saman við fjölskyldulífið. Þó að Húsavík sé lítill bær þá verða þetta án efa talsverð viðbrigði fyrir alla. Börnin eiga eftir að ganga í Öxarfjarðarskóla á Lundi, en þar hefur börnum fjölgað talsvert á öllum skólastigum og greinilega margt spennandi að gerast. Verður maður ekki að prófa að búa í sveit einhvern tímann á lífsleiðinni?“



Norðlenskt sólsetur í sinni tærustu mynd.

Haltu á þér hita í sumar!

Síðar ullarnærbuxur frá Janus koma sér vel í útilegunni. Þessar kosta 13.990 krónur í Ullarkistunni.



Mikilvægt að eiga góðan hitabrúsa. Þessi er frá Primus og kostar 6.995 krónur í Everest.



Það má alls ekki láta sér verða kalt í útilegunni í sumar. Áður en lagt er af stað í fjölskyldufrið er mikilvægt að eiga góðan hitabrúsa, ullarbrækur og tryllitæki sem hitar upp tjaldið á næturnar.



Þessi rafmagnshitari fæst í Ellingsen og kostar 11.495 krónur.

Ullarteppi frá Rammagerðinni kostar 23.900 krónur.



ÖLL ERU VELKOMIN Í DALVÍKURBYGGÐ.





SKÓGARBÖÐ
geothermal spa

*Einstakar upplifanir
skapa einstakar minningar*

Náttúruparadís við rætur Vaðlaheiðar
einungis 5 mín akstursfjarlægð frá miðbæ Akureyrar

forestlagoon.is

Allt fyrir ferðalagið á Norðurlandi

Pantaðu á netto.is og fáðu vörurnar sendar heim á Akureyri.

Opnunartímar

Glerártorg	Hrísalundur	Húsavík
09-20	10-21	10-19

